



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk



Leikstýrir Skaupinu
Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrir
Áramótaskaupinu í fjórða sinn.
popp 26



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

24. júlí 2012
172. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlökunum Capacent Gallup janúar - mars 2012



Gestaboð Hallgerðar
Elva Ósk Ólafsdóttir
túlkar Hallgerði langbrók
af miklum styrk að mati
gagnrýnanda.
menning 19


**Breytist stjórnarskrá
með tímanum?**

Túlkun stjórnarskrár lýtur
öðrum lögmálum en túlkun
annarra lagareglna, skrifar
Róbert Spanó.
umræðan 13



Dramatískt kvöld
Fjórir leikir fóru fram í
Pepsi-deildinni í gær. ÍBV
nálgað toppbaráttuna.
sport 23

veðrið í dag



LÆGIR OG LÉTTIR TIL Víða 5-12
m/s í dag en lægir með deginum.
Hvassast allra austast. Skýjað að
mestu og úrkoma N-og A-til en léttir
til þegar líður á daginn. Hiti 6-16 stig.

VEÐUR 4

ÞEKKIR ÞÚ
FUGLINN?



www.forlagid.is

Sótt um rannsóknarleyfi á svæðum sem eru í biðflokki

Sótt hefur verið um rannsóknarleyfi á svæðum sem skilgreind eru í biðflokki eða verndarflokki í tillögu að Rammaáætlun. Orkustofnun fer eftir reglum sem í gildi eru og því hefur fyrirhuguð verndun ekkert vægi.

VIRKJANAMÁL Orkustofnun hefur til meðferðar þrjár umsóknir um rannsóknarleyfi á svæðum sem skilgreind eru í biðflokki í þingsályktunartillögu um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Umsóknirnar uppfylla formskilyrði þannig að hægt er að hefja lögformlegt ferli. Sótt hefur verið um framlengingu rannsóknarleyfis vegna hugmynda um Hagavatnsvirkjun, nýtt leyfi vegna hugmynda um Búðartunguvirkjun í Hvítá ofan við Gullfoss og tvö fyrirtæki hafa sótt um leyfi vegna virkjana í Skjálfandafljóti. Öll þessi svæði eru í biðflokki samkvæmt tillögu um rammaáætlun. Þá hefur verið sótt

um rannsóknarleyfi vegna virkjunar í Stóru Laxá í Hreppum, en það svæði er ekki í rammaáætlun. Þingsályktunartillagan var lögð fram á Alþingi í mars og vísað í nefnd að fyrstu umræðu lokinni. Hún var eitt þeirra mála sem ekki tókst að ljúka á vörðinginu. Áætlunin skiptir landsvæðum upp í nýtingar-, bið- og verndarflokk. Í biðflokkinn eiga að falla hugmyndir sem talið er að þurfi frekari skoðunar við og betri upplýsingar svo meta meg hvort þau verði nýtt til virkjana eða verndunar. Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri segir að útgáfa rannsóknarleyfis sé ekki trygging

„Ef menn vilja leggja einhver sérstök bönd á virkjanir þá verða þeir að fara með það í gegnum lög-gjafavaldið.“

GUÐNI A. JÓHANNESSON
ORKUMÁLASTJÓRI

virkjanaleyfis. Rannsóknarleyfi sé opnun á frumrannsóknir sem gætu leitt til virkjunar, en einnig til þess að ekki sé virkjað. Guðni segir að auk hinna formlegu umsókna séu ýmsir að skoða ýmis vatnsföll, af mismikilli

alvöru. Orkustofnun verði að fara eftir þeim lögum sem í landinu gilda um útgáfu leyfanna. „Þangað til rammaáætlun er samþykkt gildir núverandi laga-umhverfi, sem er í raun og veru það sem hefur gilt um virkjanir hingað til. Ef menn vilja leggja einhver sérstök bönd á virkjanir þá verða þeir að fara með það í gegnum löggjafavaldið.“ Guðni segir að breytist lagaumhverfið við samþykkt rammaáætlunar þurfi að taka tillit til þess. „Bæði í biðflokki og verndarflokki er mjög takmarkað hvaða rannsóknir má leyfa.“

- kóp / sjá síðu 8



KLIFRÁÐ Á TOPPINN Guðbjörg Vilný Lárusdóttir var á hraðri leið upp klifurvegginn á Úlfjótssvatni þegar ljósmyndari Fréttablaðsins tók þessa mynd af henni. Fjölmennt landsmót skáta fer þar fram í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nóg að gerast á Úlfjótssvatni:
Skátar fagna aldarafmæli

FÓLK Mikill fjöldi skáta er nú samankominn á Úlfjótssvatni, þar sem tuttugasta og þriðja landsmót skáta var sett um helgina.

„Mótið er sérstakt að því leyti að þetta er hundrað ára afmælislegt Skátahreyfingarnar á Íslandi en fyrir hundrað árum var fyrsta skátafélagið stofnað hér á landi,“ segir Hrólfur Jónsson, mótsstjóri. Á þriðja þúsund manns sóttu setninguna í fyrirakvöld, en auk íslenskra skáta sækja um 600 erlendir skátar frá átján löndum mótið. Flestir þátttakendur eru á aldrinum tíu til fjórtán ára, en eldri skátar eru einnig á mótinu.

Fjöldi fjölskyldna tekur þátt í mótinu í fjölskyldubúðum, sem eru með sérstaka dagskrá alla vikuna. Um helgina geta svo allir tekið þátt í almennri dagskrá.

- hpt / sjá síður 16 og 17

Sýrlandsstjórn viðurkennir í fyrsta sinn að hafa yfir efnavopnum að ráða:

Aðeins beitt gegn útlendingum

SÝRLAND, AP Sýrlandsstjórn segir að efnavopn, sem hún hefur í fórum sínum, yrðu eingöngu notuð gegn innrásarliði. Þeim yrði aldrei beitt gegn eigin landsmönnum. „Öll þessi vopn eru geymd undir eftirliti og í beinni umsjón sýrlenska hersins og verða aldrei notuð nema Sýrland verði fyrir árás að utan,“ sagði Jihad Makdissi, talsmaður utanríkisráðuneytis Sýrlands. „Engin efna- eða lífefnavopn verða nokkurn tímann notuð, og ég endurtek, verða aldrei notuð, í átökunum í Sýrlandi, hvernig sem þau þróast,“ sagði hann. Þetta er í fyrsta sinn sem Sýrlandsstjórn viðurkennir að vera með efnavopn, en undanfarna daga hefur vaxandi þrýstingur verið á stjórnina frá leiðtogum annarra landa, sem eru farnir að krefjast þess að hún segi af sér. Talið er að stjórnvöld hafi í fórum sínum sinnspsgas og efni sem hafa áhrif á taugastarfsemi.

„Þessi ósk kemur frá öllum arabaríkjunum: Dragðu þig í hlé.“

HAMAD BIN
JASSIM AL THANI
FORSÆTISRÁÐ-
HERRA KATAR

Arababandalagið hefur boðið Bashar al Assad Sýrlandsforseta og fjölskyldu hans örugga útleið ef hann kys að segja af sér. Assad er giftur og á þrjú ung börn. „Þessi ósk kemur frá öllum arabaríkjunum: Dragðu þig í hlé,“ sagði Hamid bin Jassim al Thani, forsætisráðherra Katar, eftir fund utanríkisráðherra ríkja Arababandalagsins. Talsmaður Hvíta hússins sagði í gær að notkun á þessari tegund vopna væri óásættanleg. „Sýrlenska stjórnin hefur skyldur gagnvart heiminum, og fyrst og fremst gagnvart eigin borgurum,“ sagði Victoria Nuland. Hún sagði einnig að Bandaríkjastjórn og bandamenn hennar fylgdust með ástandinu og hefðu komið þeim skilaboðum til bæði stjórnvalda og uppreisnarmanna að forðast notkun óhefðbundinna vopna. Harðir bardagar hafa geislað síðustu daga milli uppreisnarmanna og stjórnarhersins í Aleppo og Damaskus, tveimur stærstu borgum landsins. - gb/- þeb

NÝJUNG!

DALA
Andur

MJÚKUR OG LJÚFFENGUR

HVÍTMYGLOOSTUR
ÚR DÖLUNUM



Ester, eruð þið að leita að póstmóðernískri hönnun?

„Já, í bland við sveitarómantik.“

Efnt hefur verið til samkeppni um fallegasta póstkassann í Eyjafjarðarsveit í tilefni Handverkshátíðar og landbúnaðarsýningar þar í ágúst. Ester Stefánsdóttir er framkvæmdastjóri hátíðanna.

Sporna við frekara raski: Umbætur við Grábrókargíga

NÁTTÚRA Unnið er að mosa-ígræðslum við Grábrókargíga, en nokkuð bar á því á árum áður að fólk skemmdi mosa á svæðinu og ritaði stafi í gíginn. Með mosa-ígræðslunum er ætlunin að fela þessi ummerki.

Einnig er unnið að því að merkja og afmarka göngustíga á svæðinu en algengt er að fólk gangi utan stíganna á svæðum sem eru viðkvæm fyrir raski.

Fimm sjálfboðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar eru nú staddir í Grábrókargígum og vinna að endurbótum ásamt landverði. - ktg



GÖNGUGATA Fyrir aftan hjólið er bílaumferð ekki heimil. Bannið gildir fram yfir Menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýjung á göngugötunni: Nýstárlegt hlið á Laugavegi

SKIPULAGSMÁL Grænu hliði hefur nú verið komið fyrir á Laugavegi en það afmarkar byrjun göngugötunnar á veginum.

Hliðið er gert úr gömlu reiðhjóli og er málað skærgrænt. Það hefur nú þegar vakið mikla athygli ferðamanna og gangandi vegfarenda við verslunargötuna.

Hliðið er þáttur í átaki borgarinnar sem ber nafnið Sumar götur eru sumargötur, þar sem hlutar Laugavegs og Skólavörðustígs eru lokaðir bílaumferð fram yfir Menningarnótt sem haldin verður 18. ágúst. - ktg

Tindur Jónsson kvartaði til umboðsmanns Alþingis vegna úrskurðar innanríkisráðuneytis:

Lög um reynslulausn verði gerð skýrari

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis telur að skýra þurfi lög-gjöf um útreikning á afplánunartíma og reynslulausn fanga. Þetta kemur fram í áliti Róbert R. Spanó, setts umboðsmanns Alþingis, um útreikning refsitíma og hvenær fangar eigi rétt á reynslulausn.

Innanríkisráðuneytið úrskurðaði að ákvörðun fangelsismálastofnunar um útreikning afplánunartíma Tinds Jónssonar fyrir reynslulausn stæði. Umboðsmaður tók málið til skoðunar í kjölfar kvörtunar

Tinds yfir úrskurði ráðuneytisins.

Tindur hlaut sex ára fangelsisdóm árið 2006 fyrir hrottalega líkamsárás í Garðabæ þegar hann réðist að öðrum pilti vopnaður sveðju.

Honum var veitt reynslulausn árið 2008 en rauf skilyrði reynslulausnar og var gert að sæta framhaldsafplánun í 1.080 daga.



RÓBERT R. SPANÓ

Árið 2010 var Tindur dæmdur til átta ára fangelsisvistar fyrir aðild sína að framleiðslu amfetamíns í fullkominni fíkniefna-verksmiðju í Hafnarfirði ásamt Jónasi Inga Ragnarssyni.

Fangelsismálastofnun tilkynnti Tindi að afplánun hans væri reiknuð þannig að hann ætti kost á reynslulausn þegar helmingur eða tveir þriðju dómsins frá 2010 auk eftirstöðva dómsins frá 2006 væru liðnir.

Tindur taldi hins vegar að refsitíma sinn bæri að reikna miðað við sex ára dóminn árið

2006 auk áranna átta frá 2010. Þannig gæfist honum færi á reynslulausn mun fyrr.

Innanríkisráðuneytið hafði lagt til að Tindi bæri að ljúka afplánun dómsins frá 2006 og þá hæfist nýr refsitími.

Umboðsmaður Alþingis segist í áliti sínu ekki geta fallist á tillögu ráðuneytisins.

Ekki gafst þó tilefni fyrir umboðsmann að fara fram á að mál Tinds yrði endurskoðað þar sem ráðuneytið féllst á tillögu fangelsismálastofnunar.

- bph

Gnarr fer á færeyskt Gaypride í Þórshöfn

Borgarstjórinn í Reykjavík notar tækifærið í opinberri heimsókn í Færeyjum til að taka þátt í gleðigöngunni Faroe Pride og styðja þannig réttindabaráttu samkynhneigðra í eyjunum. Jón Gnarr fer líka á Ólafsvökuna og er spenntur.

MENNING „Búningurinn verður surprise,“ segir Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, sem tekur þátt í gleðigöngunni Faroe Pride í Færeyjum á föstudaginn.

Jón verður gestur Þórshafnar frá því á morgun og þar til á mánudag. Hann tekur þátt í ýmsum dagskrárliðum sem hluta af opinberu heimsókninni, meðal annars Ólafsvökunni viðfrægu. Faroe Pride er þó ekki hluti af dagskránni sem gestgjafarnir hafa skipulagt fyrir reykvíska borgarstjórn.

„Ég frétti eftir á að gangan væri á sama tíma og ég er þarna þannig að ég bað um að fá að taka þátt í henni. Aðstandendur göngunnar voru himinlifandi,“ segir Jón sem kveðst einfaldlega hafa viljað nota tækifærið til að styðja réttindabaráttu samkynhneigðra í Færeyjum. Þar er umburðarlyndi fyrir samkynhneigð ekki það sama og á Íslandi og mál-efnið því umdeildara en hér.

„Eitt sem við Íslendingar höfum að miðla er mannréttindi, umburðarlyndi og náungakærleikur. Við erum til algerrar fyrirmyndar þegar kemur að réttindamálum samkynhneigðra,“ undirstrikar borgarstjórinn, sem játar því að vera búinn að máta búning fyrir gönguna en kveður hann þó leyndarmál þar til í göngunni síðdegis á föstudaginn sem fyrr segir.

Jón kveðst oft hafa furðað sig á að ekki skuli vera meiri samgangur milli Íslendinga og Færeyinga og Grænlandinga. Stuðla megi að breytingu á því í gegnum samstarf borgarinnar við höfuðstaðina Nuuk og Þórshöfn. „Ég hef lýst því yfir þegar ég hef hitt fulltrúa frá Þórshöfn og Nuuk að ég hafi áhuga á því að auka samstarfið,“ segir Jón.

Dagskrá borgarstjóra í Færeyjum

Opinber heimsókn borgarstjórans í Reykjavík til Færeyja

Miðvikudagurinn 25. júlí:
20.00 Kvöldverður í móttökuhúsi Þórshafnar.

Fimmtudagurinn 26. júlí:
12.00 Sigling í eyna Koltur
19.00 Kvöldverður í Áarstovu

Föstudagurinn 27. júlí:
10.00 Heimsókn í leikskólann á Norðasta horni
12.00 Hádegisverður í Kirkjubæ
16.00 Faroe Pride 2012 (ekki hluti af opinberri heimsókn). Borgarstjóri tekur þátt í göngunni.

Laugardagurinn 28. júlí:
14.00 Setning Ólafsvöku
14.20 Boð í Ráðhúsinu
15.00 Heimsókn til ræðis-manns Íslendinga í Þórshöfn
15.30 Kappróður
18.00 Kvöldverður hjá borgarstjóra Þórshafnar

Sunnudagurinn 29. júlí:
-Ólafsvaka-
12.00 Fylgst með skrudgöngu
24.00 Samsöngur á miðnætti



JÓN GNARR Þessi mynd af borgarstjóranum var send úr Ráðhúsinu til færeyska blaðsins Dimmalættings. Óljóst er hvort Jón Gnarr verður í þessu gervi í færeysku gleðigöngunni.

Borgarstjórinn segir áberandi hversu margir Íslendingar hafi á orði að þá hafa alla tíð langað að fara til Færeyja og Grænlands en fáir láti samt verða af því. Sjálfur sé hann einmitt einn af þeim sem hafi alltaf langað til Færeyja en aldrei farið.

„Ég hlakka til að sjá Færeyjar og Þórshöfn,“ segir Jón sem meðal annars fær útsýnissiglingu í eyjuna Koltur á fimmtudaginn. „Síðan fæ ég að sjá nokkur atriði á Ólafsvökunni og upplifa hvernig hún er. Þetta verður mjög spennandi.“

gar@frettabladid.is



JAMES E. HOLMES Holmes virkaði þreytulegur og fjarrenn í réttinum á gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Maðurinn sem drap tólf: Mætti fjarrenn fyrir dómara

BANDARÍKIN, AP James E. Holmes kom fyrir dómara í fyrsta skipti í gær, eftir að hafa myrt tólf manns og sært rúmlega fimmtíu til viðbótar í Colorado í Bandaríkjunum fyrir helgi.

Holmes var klæddur í fanga-búning og virtist þreytulegur og fjarrenn fyrir dómi. Hann tjáði sig ekkert heldur sáu verjendur hans um að svara fyrir hann.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort dauðarefsingar verði krafist yfir honum. Hann verður formlega ákærður á mánudaginn eftir viku, en ekki er búist við því að réttarhöld hefjist fyrr en eftir nokkra mánuði. - þeb

Sprengjuárás í Írak: Yfir hundrað manns látnir

ÍRAK, AP Sprengjuárásir og skotbardagar kostuðu meira en hundrað manns lífið í Írak í gær. Árásirnar eru þær mann-skæðustu í meira en tvö ár.

Alls voru árásir gerðar í 15 borgum landsins og er talið að hryðjuverkamenn tengdir Al-Kaída eigi þar hlut að máli.

Í síðustu viku lýsti leiðtogi Al-Kaída í Írak því yfir að ný sókn væri í bígerð til að sýna fram á hve ástandið í landinu væri óstöðugt eftir að bandarískri herinn fór þaðan. - gb

Óttinn við að evruríkin sautján ráði ekki við skuldavanda sinn blossom upp aftur:

Vandi Spánar illviðráðanlegur

SPÁNN, AP Slæmar fréttir af efnahagslífi Spánar síðustu daga þykja hafa aukið mjög líkurnar á því að stjórn landsins þurfi að leita á náðir björgunar-sjóðs evruríkjanna. Mikill titringur var á verðbréfamörkuðum í Evrópu vegna ástandsins og gengi evrunnar lækkaði.

Séðlabanki Spánar sagði samdrátt á öðrum ársfjórðungi hafa numið 0,4 prósentum og stjórn landsins spáir því nú að samdráttarskeiðinu ljúki ekki fyrr en 2014. Stjórnin hefur þegar beðið um aðstoð við banka landsins úr neyðarsjóði ESB upp á 100 milljónir evra. Nú bætist hins vegar við vandi héraða landsins, sem hafa beðið ríkisstjórnina um fjárhagsaðstoð.

Lántökukostnaður hefur einnig hækkað á Ítalíu. Bæði spænsk og ítölsk stjórnvöld gripu í gær til þess ráðs að banna skortsölu tímabundið til að koma í veg fyrir frekara verðfall á verðbréfamörkuðum.

Fjárhagsvandi Grikkja er einnig kominn aftur í kastljósið, því óvíst er um niðurstöður erfiðra samningaviðræðna grísku stjórnarinnar við Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nú í vikunni.



MÓTMÆLI Í MADRID Enn á ný mótmæla Spánverjar sparnaðar-aðgerðum stjórnvalda, sem framlengja samdráttarskeiðið. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópskir stjórnmálamenn hafa verið með yfirlýsingar um að Grikkir hafi ekki staðið við þau sparnaðaráform, sem þeir lofuðu í skiptum fyrir fjárhagsaðstoð frá AGB og ESB.

- gb

Hitablásarar og borðviftur

frá 3.900 kr. stgr.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

DRÖGUM
Í DAG!
24. JÚLÍ

Fáðu þér
miða fyrir
kl. 16.00



MILLJÓNAVELTAN VELTUR ÁFRAM!

ERU MILLJÓNIR Á LEIÐ TIL ÞÍN?

Þann 24. júlí drögum við út **40 milljónir** á einn miða í **Milljónaveitunni**. Í hverri **Milljónaveit**u drögum við að auki út **5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.

+5x **1** milljón

EINN MIÐI TVEIR LEIKIR

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur.

DRÖGUM
10.
ÁGÚST

Aðalútdráttur

Vinningshafar eru um
3.000 í hverjum mánuði.



Miðaeigendur í Happdrættinu
fá inneign á Spilaeyjunni!



HAPPDRAETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGIS

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11
eða hjá næsta umboðsmanni.

GENGIÐ 23.07.2012		
GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	124,23	124,83
Sterlingspund	193,07	194,01
Evra	150,58	151,42
Dönsk króna	20,238	20,356
Norsk króna	20,43	20,55
Sænsk króna	17,816	17,92
Japanskt jen	1,5884	1,5976
SDR	186,26	187,38
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
212,0317		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



ÓLÖGLEGUR HUNDUR Hundar af kyni Staffordshire bull terrier eru bannaðir í Danmörku. Tvö ár eru síðan þrettán hundategundir voru bannaðar í landinu.

Deilt á tveggja ára lög: Fleiri bit þrátt fyrir hundalög

DANMÖRK Fleiri leituðu til slysa-varðstofa í Danmörku í fyrra vegna hundsbita en árið 2005. Þetta þykir skjóta skökku við þar sem tvö ár eru liðin síðan ný lög tóku þar gildi þar sem þrettán hundategundir voru bannaðar. „Að hluta til má rekja vandann til þess hversu auðvelt er að fara í kringum lögin,“ segir Gert Nielsen, aðstoðaryfirlögregluþjónn í viðtali við Jótlandspóstinn. „Stærstur hluti hundanna er blendingshundar, svo nær ógerlegt er að skilgreina hvaða hundar eru ólöglegir. Þar að auki bíta hundar af fleiri tegundum en þessum. Sú trú manna að aðeins hættulegir hundar bítu stenst ekki.“

- ktg

LEIÐRÉTT

Rangt var haft eftir Friðriki J. Arngrímssyni í blaði gær dagsins að bann framkvæmdastjórnar ESB við veiðum botnsækinna tegunda hefði lítil áhrif hér á landi. Hið rétta er að það hefur engin áhrif, þar sem Ísland stendur utan ESB.

Tryggingastofnun ríkisins leiðréttir lífeyrisgreiðslur og tengdar bætur vegna 2011:

Endurreiknar 57,7 milljarða

KJARAMÁL Tryggingastofnun þarf að endurreikna 57,7 milljarða króna af lífeyri og öðru bótafé eftir að uppgjör samkvæmt tekjum eftir skattframtali hefur verið gert.

Það er öllu meira en í fyrra þegar heildarfjárhæð endurreiknaðra greiðslna var um 50 milljarðar. Um er að ræða lífeyri og bætur skattárið 2011. Inneignir verða greiddar þann 3. ágúst og innheimta krafna hefst 1. september.

Um 46 þúsund manns eru lífeyrisþegar á Íslandi, þar af eru

63% lífeyrisþega mega eiga von á að fá greiddar inneignir frá Tryggingastofnun ríkisins þann 3. ágúst.

29 þúsund ellilífeyrisþegar. Heildarupphæð inneigna sem greiddar verða 3. ágúst er tæpir þrír milljarðar króna samanborið við 3,6 milljarða í fyrra. Greiðslur umfram rétt eru um

1,7 milljarðar króna en voru 1,2 milljarðar í fyrra.

Ástæða þessarar skekkju er að vextir, verðbætur og arður voru í mörgum tilvikum ofáætlaðar í tekjuáætlun. Atvinnutekjur voru hins vegar vanáætlaðar. Því var 1,6 prósent frávik í lífeyrissjóðstekjum milli áætlunarinnar og skattframtals.

Um 63 prósent lífeyrisþega mega eiga von á inneignum. Það eru tæplega 29 þúsund manns. Innheimtar verða kröfur á 30 prósent lífeyrisþega en sjö prósent hafa engan mismun. - bþh

Nýtt lágþrýstimet í júlí:

Dýpsta lægðin síðan árið 1923

VEÐUR Þrýstingurinn í lægðinni sem fór yfir landið á sunnudaginn var sá lægsti sem mælst hefur í júlímánuði síðan árið 1923. Gamla metið var sett í Stykkishólmi og var 974,1 hPa en á sunnudaginn mældist loftþrýstingur lægstur í Öndunarhorni eða 972,6 hPa.

Nokkur vindhraðamet féllu einnig á sunnudaginn en talsvert hvassviðri fór á undan lægðinni. Vindhraðamet féllu í Vestmannaeyjabæ, á Stórhöfða, Sámsstöðum og við Vatnsfell. - ktg

Erfið baráttan við gróðurelda á Spáni

Gróðureldarnir á norðaustanverðum Spáni síðustu daga hafa kostað fjóra lífið. Fimm manna fjölskylda komst í sjálfheldu og féll af kletti við ströndina með þeim afleiðingum að sextugur faðir og fimmtán ára dóttir hans fórust.

SPÁNN, AP Sextugur maður og fimmtán ára dóttir hans létust þegar þau féllu eða stukku niður af kletti norðarlega við Miðjarðarhafsströnd Spánar, þar sem þau voru komin í sjálfheldu vegna gróðurelda.

Eiginkona mannsins og tvö önnur börn þeirra fóru einnig fram af klettinum en lifðu fallið af. Þetta gerðist á sunnudagskvöld í hæðunum fyrir ofan landamærabæinn Portbou.

Fjölskyldan var ásamt fleira ferðafólki frá Frakklandi á leiðinni aftur heim þegar skyndilega var ekki hægt að aka lengra vegna gróðureldanna. Fólkið neyddist til að yfirgefa bifreiðarnar og fór að fíkra sig fótgangandi niður hæðirnar.

Fimm manna fjölskyldan varð viðskila við hitt fólkið og lenti í sjálfheldu með fyrrgreindum afleiðingum þar sem eldarnir þrengdu að þeim með hvössum vindhviðum.

„Það eina sem þau gátu gert var að fara í sjóinn,“ sagði Tony Buixeda, hafnarstjóri í Portbou. Hann var á báti fyrir neðan klettana þegar fólkið hrapaði niður.

Faðirinn lést samstundis eftir að hafa lent á neðansjávarklettum en dóttirin druknaði. Móðirin liggur þungt haldin á sjúkrahúsi með bakmeiðsl, en hin börnin tvö sluppu með minni háttar meiðsl. Miklir gróðureldar hafa geisað á norðaustanverðum Spáni undanfarna daga. Um helgina kostuðu þeir tvo aðra ferðamenn lífið.

Um 1.400 hundruð manns þurftu að flýja að heiman vegna eldanna



HÆÐIRNAR LOGA Við borgina La Jonquera á norðaustanverðum Spáni, rétt við landamæri Frakklands, hafa geisað miklir gróðureldar eins og víðar í nágrenninu.

NORDICPHOTOS/AFP

og dvöldu í neyðarskýlum í fyrri-nótt. Lestarsamgöngur lágu niðri og í borginni Figueres voru 44 þúsund íbúar hvattir til að halda sig heima við. Einnig þurfti að loka vegasamgöngum sums staðar yfir landamærin milli Spánar og Frakklands.

Um 80 hópar slökkviliðsmanna hafa unnið hörðum höndum við að halda eldunum í skefjum og

notaðar hafa verið flugvélar til að varpa vatni á eldana.

Gróðureldar hafa geisað víðar í löndum Miðjarðarhafsins síðustu daga, meðal annars á Grikklandi og í Portúgal.

Á Grikklandi þurfti í síðustu viku að rýma sumarbúðir barna, elliheimili og klaustur skammt frá höfuðborginni Aþenu meðan glímt var við eldana. gudsteinn@frettabladid.is

Seðlabanki Svíþjóðar:

Sænskir seðlar í trássi við höfundarréttarlög

SVÍÞJÓÐ Nýir peningaseðlar sem taka á í notkun árið 2015 brjóta í bága við sænsk höfundarréttarlög. Á nýju seðlunum eru myndir af þekktum Svíum, en ekkert samráð var haft við ljósmyndara myndanna áður en myndirnar voru notaðar. Auk þess eru þær ekki merktar ljósmyndanarum sem er brot á sænskum lögum. Frá þessu er greint á fréttavef Dagens Nyheter.

Bankinn hefur nú hafið samningaviðræður við ljósmyndanarana, sem sagðir eru í afar góðri samningsstöðu, enda nokkrir mánuðir síðan nýju peningaseðlarnir voru kynntir almenningi. - ktg

DÓMSTÓLAR

Dæmdur fyrir bensínþjófnað

Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt 36 ára gamlan mann fyrir að hafa í þriggja ára sett bensín á bíl sinn og stungið af án þess að greiða fyrir. Samtals stal hann um átján þúsund krónum af Skeljungu og tíu þúsundum af N1.

LÖGREGLUFRETTIR

Skotið á gúmmibát

Lögreglan á Selfossi rannsakar nú hver skaut úr haglabyssu á gúmmibát í Herðisarvík í síðustu viku. Þá var sex hestafla Tohatsu-utanborðsmótor jafnframt stolið úr bátnum.

Ætlaði að ráðast á lögreglu

Lögreglumenn yfirbuguðu ölvaðan ökumann í Kópavogi í fyrri-nótt þegar hann gerði sig líklegan til að hjóla í þá. Maðurinn hafði verið stöðvaður fyrir ölvunarakstur og tók því illa. Eftir að hann hafði verið yfirbugaður hélt hann áfram að ausa fúkyrðum og hótunum yfir lögreglumennina. Hann var vistaður í fangageymslu.

Heimilis

GRJÓNAGRAUTUR

Alveg mátulegur

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir
veður-fréttamaður

EITTHVAÐ FYRIR
ALLA Úrkoma N- og A-til í dag og S- og SA-til á morgun. Ekki mikið sólbaðsveður í dag og á morgun en höldum í vonina fyrir fimmtudaginn. Heldur svalt N-til í dag en hlýnar aftur til morguns.

Á MORGUN
viða 3-8 m/s.

FIMMTUDAGUR
Viða hæg NA-læg eða breytileg átt.

HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	28°
Berlín	26°
Billund	26°
Frankfurt	27°
Friedrichshafen	27°
Gautaborg	23°
Kaupmannahöfn	23°
Las Palmas	25°
London	26°
Mallorca	31°
New York	33°
Orlando	31°
Ósló	19°
París	27°
San Francisco	21°
Stokkhólmur	24°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

PATHFINDER

ALVÖRU JEPPI MEÐ VEGLEGUM AUKAHLUTAPAKKA*



SHIFT_

NISSAN
PATHFINDER

- 7 manna jeppi
- 190 hestöfl
- Hátt og lágt drif



f /nissanvinir

GERÐU VERULEGA GÓÐ JEPPAKAUP

*Við bjóðum nokkra 7 manna Nissan Pathfinder með **580 þús. kr. aukahlutapakka**. 33" breyting frá Arctic Trucks ásamt dráttarbeisli.

www.nissan.is

Verð 8.990 þús. kr. sjálfskiptur

- Hátt og lágt drif
- Sparneytin 2,5 lítra disilvél
- 190 hestöfl
- ESP stöðugleikastýring
- Tvískipt loftkæling
- Bluetooth símsvörunarbúnaður
- Áttaviti í baksýnispegli
- Fullkomin hljómtæki og margt fleira

FRÉTTASKÝRING: Staðan á fyrirhugaðri uppbyggingu Huangs Nubo á Grímsstöðum



GRÍMSSTAÐIR Á FJÖLLUM Ákveðnir landeigendur Grímsstaða hafa ekki áhuga á því að selja hluti sína í jörðinni. Henni verður því að öllum líkindum skipt upp á grundvelli laga um landskipti. MYND/SIGGA HALLGRÍMS

Flókin samningsgerð um Grímsstaði á Fjöllum

Samningar GÁF, félags sex sveitarfélaga á Norð-austurlandi, við Zhongkun, fjárfestingarfélag Huangs Nubo, um kaup og leigu á Grímsstöðum á Fjöllum eru á lokametrunum. Enn er þó ýmislegt ófrágengið áður en framkvæmdir geta hafist. Fréttablaðið rýnir í ferlið.

Greint var frá því í síðustu viku að samningar félagsins GÁF ehf., í eigu sex sveitarfélaga á Norð-austurlandi, við Zhongkun-fjárfestingarfélag Huangs Nubo um kaup og leigu á Grímsstöðum á Fjöllum væru á lokastigi. Reiknað er með því að fulltrúar GÁF og Huang skrifi undir samning um fyrirhuguð viðskipti á næstu vikum. Í kjölfarið mun GÁF þurfa að ganga frá málum við landeigendur Grímsstaða og Zhongkun við iðnaðarráðuneytið.

Skipta þarf upp jörðinni
Jörðin Grímsstaðir er í heild sinni um 300 ferkílómetrar og er í óskiptri sameign ríkisins að um fjórðungi og annarra eigenda að þremur fjórðu. Í einkaeigu eru Grímsstaðir I, um 50% jarðarinnar, og Grímsstunga, um 25% jarðarinnar. Grímsstaðir I eru til sölu og megnið af Grímsstungu. Landeigendur sem eiga samtals 2,8% af heildarjörðinni vilja hins vegar ekki selja. Þá mun hið opinbera að öllum líkindum halda sínum eignarhlut.

Sú staðreynd að ákveðnir landeigendur vilja ekki selja ætti hins vegar ekki að setja áformin í upp-nám. Festi sveitarfélögin kaup á meirihluta jarðarinnar geta þau farið fram á svokölluð landskipti. Verður þá gengið til samninga við hina landeigendurna sem hvernig beri að skipta upp jörðinni sem yrði þá ekki lengur í óskiptri sameign. Náist ekki samkomulag fer málið til landskiptanefndar sem myndi úrskurða um hvernig bæri að skipta jörðinni. Sé óánægja með úrskurð-

inn gætu landeigendur svo aftur samið um landskiptin sín á milli.

Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig jörðinni verður skipt upp. Þær hugmyndir hafa þó verið settar fram að Vatnajökulspjóðgarður verði stækkaður til norðurs. Þá fengi ríkið syðsta hluta jarðarinnar fyrir sinn fjórðungshlut í henni sem myndi bætast við þjóðgarðinn.

Greint hefur verið frá því í fjölmiðlum að til standi að breyta 99% þess lands sem leigja á Huang Nubo í fólkvang. Á eina prósentinu yrði lagst í þá ferðaþjónustuuppbyggingu sem Huang hefur boðað. Verði hluti svæðisins gerður að fólkvangi verður almenningi heimilt að nota hann til almennrar útivistar, auk þess sem náttúran á svæðinu mun njóta sérstakrar verndar. Gera þarf hefðbundinn lóðarsamning til 99 ára um landið undir húsin en um hinn hluta jarðarinnar stendur til að gera 40 ára leigusamning.

Ráðherra gerir ívilnunar­samning
Auk samninganna á milli GÁF og Zhongkun annars vegar og

GÁF og landeigenda hins vegar þarf Zhongkun að gera svokallaðan ívilnunar­samning við iðnaðarráðuneytið. Slíkir samningar byggjast á lögum um ívilnanir vegna nýfjárfestinga sem Alþingi setti árið 2010. Heimila þau iðnaðarráðherra að veita innlendum sem erlendum aðilum ýmsar undanþágur frá lögum með það fyrir augum að stuðla að atvinnuuppbyggingu. Í tilfelli Zhongkun þyrfti að veita félaginu undanþágu frá lagaákvæðum sem banna erlendum félögum að leigja land á Íslandi til langs tíma.

Þegar hafa í það minnsta fjögur fyrirtæki fengið ívilnanir á grundvelli laganna. Þau eru aflþynnuverksmiðja Becromal á Akureyri, kísilmálmverksmiðja Thorsil sem til stendur að reisa á Húsavík, kísilmálmverksmiðja í Helguvík og loks gagnaver Verne Holding á Keflavíkurflugvelli.

Nefnd stjórnvalda um nýfjárfestingar hefur þegar farið yfir fyrirhugaðan ívilnunar­samning vegna fjárfestingar Huangs Nubo og mælt

með samþykki hans. Að lokum er það þó Steingrims J. Sigfússonar iðnaðarráðherra að annað hvort samþykkja eða hafna samningnum.

Sé gengið út frá því að ráðherra samþykki ívilnunar­samninginn er ferlinu þó ekki alveg lokið. Þá myndi taka við hefðbundin stjórn-sýslu- og undirbúningsvinna vegna framkvæmda sem þessara. Fyrir það fyrsta þyrfti að hanna þau mannvirki og þá uppbyggingu sem til stendur að reisa og sækja um framkvæmdaleyfi. Í annan stað þyrfti að vinna og samþykkja deiliskipulag fyrir svæðið. Þá þyrfti sennilega að gera umhverfismat vegna framkvæmdanna. Ekki er ólíklegt að þetta ferli allt saman taki einhver misseri og því gætu framkvæmdirnar sjálfar hafist í fyrsta lagi árið 2014.

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is



Tímalína

ÁGÚST 2011 Huang Nubo lýsir yfir áhuga á því að kaupa Grímsstaði á Fjöllum. Zhongkun, fjárfestingarfélag Huangs Nubo, sækir um undanþágu frá lögum um eignarhald fasteigna svo félagið geti eignast jörðina.	JANÚAR 2012 Félag Huangs Nubo sækir um undanþágu frá skilyrðum laga um að afnotaréttur fasteigna sé í höndum íslenska ríkisborgara á grundvelli laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga.	MAÍ 2012 Nefnd stjórnvalda um nýfjárfestingar leggur til að þau geri fjárfestingasamning við Zhongkun um ferðaþjónustuverkefni á Grímsstöðum á Fjöllum á grundvelli laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Sex sveitarfélög á Norð-austurlandi stofna undirbúningsfélagið GÁF ehf. um kaup og leigu á Grímsstöðum á Fjöllum.	ÁRÍÐ 2013? Hönnun á mannvirkjum og þeirri uppbyggingu sem til stendur að leggjast í á Grímsstöðum á Fjöllum. Umhverfismat framkvæmt vegna framkvæmdanna. Deiliskipulag búið til og samþykkt fyrir svæðið.	ÁRÍÐ 2014? Framkvæmdir gætu hafist á Grímsstöðum á Fjöllum.
NÓVEMBER 2011 Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hafnar undanþágu-beiðni Zhongkun.	DESEMBER 2011 Íslensk stjórnvöld hefja í gegnum Fjárfestingastofu viðræður við Huang Nubo um það með hvaða hætti hann geti fjárfest í íslenski ferðaþjónustu.	FEBRÚAR 2012 Greint frá því að sveitarfélög á Norð-austurlandi íhugi að kaupa Grímsstaði á Fjöllum og greiða fyrir með láni frá Huang Nubo sem myndi síðan leigja jörðina.	JÚLÍ 2012 Greint frá því að niðurstaða sé fengin í nær öll samningsatriði á milli GÁF og Zhongkun.	HAUST 2012? GÁF klárar samninga við landeigendur Grímsstaða á Fjöllum um kaup á hluta jarðarinnar og landskipti vegna þess hlutar sem ekki er til sölu. Náist ekki samningar um landskipti fer málið að öllum líkindum til landskiptanefndar sem úrskurðar í kjölfarið um hvernig beri að skipta jörðinni. Iðnaðarráðherra tekur ákvörðun um hvort samþykkja skuli ívilnunar­samning við Zhongkun eins og nefnd stjórnvalda um nýfjárfestingar hefur lagt til.

Rafskutlur

Vandaðar og kraftmiklar rafskutlur sem henta vel við íslenskar aðstæður.

Skoðaðu úrvalið og prufukeyrðu í sýningarsal okkar að Askalind 1, Kópavogi.

ÖRYGGI VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn



PIRANTRA • SIA • 121124



SKOTKEPPNI

Veiðideild Ellingsen og SAKO boða til veiðirifflamóts á skotsvæði Skotípróttafélags Reykjavíkur, sunnudaginn 29. júlí 2012



SAKO A7 RIFFILL SS. CAL. 243

að verðmæti **244.990 kr.**

Verðlaunagripurinn er til sýnis í veiðideild Ellingsen í Reykjavík.



VANDAÐUR SAKO RIFFILPOKI

ásamt **10.000 kr.** gjafabréfi í Ellingsen.



VANDAÐUR SAKO RIFFILPOKI

ásamt **5.000 kr.** gjafabréfi í Ellingsen.

Skráning fer fram í Ellingsen eða með tölvupósti á **veidideild@ellingsen.is**

Skráningu lýkur föstudaginn 27. júlí kl. 18:00.

Nánari upplýsingar og reglur er hægt að nálgast í Ellingsen eða á ellingsen.is



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is



Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



1. Í hvaða borg áttu sér stað óhugnanleg fjöldamorð í kvikmyndahúsi á föstudag?
2. Hvað heitir íslenski dansarinn sem mun taka þátt í setningarathöfn Ólympíuleikanna í London?
3. Hvaða lið trónir á toppi Pepsi-deildar karla?

SVÖR:

1. Aurora í Colorado í Bandaríkjunum 2. Theima Christel Kristjánsdóttir 3. KR

Þrjár stjórnsýslukærur vegna sjö þúsund tonna laxeldis í Ísafjarðardjúpi:

Telja ríkið vanbúið í leyfismálum

SJÁVARÚTVEGUR Þrjár stjórnsýslukærur hafa borist úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um að leyfi Hraðfrystihússins Gunnvarar fyrir eldi á 7.000 tonnum af laxi og regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi skuli ekki háð umhverfismati.

Þær koma frá Landssambandi veiðifélaga, rækjusjómonnum og síðan aðilum úr ferðaþjónustu.

Kristján G. Jóakimsson, vinnslu- og markaðsstjóri Gunnvarar, segir að áform fyrirtækisins geri ráð fyrir að geta hafið fiskeldið á

Nú þegar hafa leyfismál í tengslum við uppbyggingu á laxeldi í Arnarfirði verið að veltast hjá stjórnvöldum í nokkur ár.

KRISTJÁN G. JÓAKIMSSON
VINNSLUSTJÓRI GUNNVARAR

næsta ári en nokkurra ára bið verði á því að leyfin verði fullnýtt. Fyrirnefndar kærur geta þó tafið málið. Tugir starfa fylgja eldisstarfseminni, segir hann.

„Kerfið er illa í stakk búið til að

takast á við þessi mál,“ segir Kristján og tekur þar undir með bæjarráði Vesturbyggðar sem er orðið langeygt eftir því að leyfismál frá Arnarlaxi komist á hreint. „Nú þegar hafa leyfismál í tengslum við uppbyggingu í laxeldi í Arnarfirði verið að veltast hjá stjórnvöldum í nokkur ár með tilheyrandi óvissu og töfum,“ segir í bókun bæjarráðs frá 12. júlí. „Sú óvissa hefur valdið fyrirtækjum, íbúum og samfélaginu öllu miklum skaða. Er það mikið áhyggjuefni hvernig staðið er að þessum málum hjá stjórnvöldum.“

- jse



UNNIÐ VIÐ ÞORSKELDI Á ÍSAFJARÐAR-DJÚPI Þegar leyfin eru komin á hreint hyggjast Gunnvararmenn leggja megináherslu á lax- og silungaeldi þó áfram verði átt við eldi á þeim gula.

MYND/VALDIMAR INGI GUNNARSSON

VÍMUEFNI
- hættuleg blanda ...

Allsgáð

betri sumarskemmtun
betri fyrirmyndir
engin áhætta

► Allsgáð erum við með allt á hreinu í sumar!

www.forvarnir.is

FRAE
FRÆÐSLA OG FORVARNIR



Gleðjumst allsgáð í sumar!

FRAE Brautarholt 4a 105 Reykjavík S. 511 1588 frae@forvarnir.is www.forvarnir.is



STÓRA LAXÁ Í HREPPUM Landsvirkjun hefur sótt um rannsóknarleyfi vegna hugmynda um virkjun í ánni. Stóra Laxá er ekki að finna í rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Engin stefna um virkjanir

Þar til Rammaáætlun hefur verið samþykkt er stefna ríkisstjórnar í virkjanamálum aðeins orðin ein. Ekkert er því til fyrirstöðu að sækja um rannsóknarleyfi á svæðum sem eru í verndarflokki.

VIKJANAMÁL Ekki náðist að afgreiða þingsályktunartillögu um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða á síðasta þingi. Lagaumhverfi varðandi virkjanir er því óbreytt og stefnumótun ríkisstjórnarinnar í þeim málum hefur ekki áhrif á útgáfu rannsóknarleyfa.

Fjórar umsóknir um rannsóknarleyfi eru til umfjöllunar hjá Orkustofnun og þar af eru þrjár á svæðum sem sett eru í biðflokk í rammaáætlun.



GUÐNI A. JÓHANNESSON

Sækja þarf um slíkt sérstaklega. Komi slíkar umsóknir fram áður en rammaáætlun verður að lögum hefur stefnumótun áætlunarinnar engin áhrif á afgreiðslu umsóknanna. Orkufyrirtæki geta því sótt um rannsóknarleyfi á svæðum sem sett eru í verndarflokk í áætluninni.

„Já, já. Rammaáætlun hefur ekkert lagalegt gildi,“ segir Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri. „Við í stjórnsýslunni getum ekki farið eftir einhverjum frumvörpum eða tillögum sem liggja frammi. Sérstaklega ekki með tilliti til þess að löggjafinn hefur haft þær undir höndum töluvert lengi án þess að samþykkja þær. Þá fer auðvitað að falla svolítið á þær.“

Eftir staðfestingu Alþingis á Áróarsáttmálanum gefur Orkustofnun ekki lengur út rannsóknarleyfi fyrir hönd ráðherra, heldur er útgáfan algjörlega á höndum stofnunarinnar.

Tvö fyrirtæki hafa sótt um rannsóknarleyfi vegna hugmynda um virkjun í Skjálfandafljóti, sem gert er ráð fyrir að fari í biðflokk. Verði bið á því að rammaáætlun verði samþykkt getur sú staða komið upp að rannsóknir séu vel á veg komnar og leyfi hafi fengist fyrir rannsóknum sem fela í sér jarðrask.

„Verði einhver tillaga samþykkt sem hefði það í för með sér að Skjálfandafljót lenti í biðflokki, þá breytist auðvitað lagaumhverfi rannsókna,“ segir Guðni.

kolbeinn@frettabladid.is

Umsóknir sem eru í meðferð

Orkustofnun hefur til umfjöllunar umsóknir um rannsóknarleyfi á þremur svæðum sem eru í biðflokki í rammaáætlun.

■ Íslensk vatnsorka ehf. hefur sótt um framlengingu á rannsóknarleyfi vegna hugmynda um Hagavatnsvirkjun.

■ Íslensk vatnsorka ehf. hefur sótt um rannsóknarleyfi vegna hugmynda um Búðartunguvirkjun í Hvítá ofan við Gullfoss.

■ Hrafnarbjargarvirkjun hf. og Landsvirkjun hafa sótt um rannsóknarleyfi vegna hugmynda um virkjun í Skjálfandafljóti.

Ein umsókn er til umfjöllunar vegna svæðis sem ekki er að finna í rammaáætlun.

■ Landsvirkjun hefur sótt um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun í Stóru-Laxá í Hrunamannahreppi.

BYLGJAN 25 ÁRA
989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

DORMA FJÖLSKYLDUDAGAR Í JÚLÍ!

Settu þig í stellingu sem lætur þreytuna líða úr þér!

Charlotte Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og enda-stopparar svo dýnur færast ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð



Aðeins kr.
34.754,-
í 12 mánuði*

STÆRD 2X90X200

STILLAN-
LEGT



Tilboðsverð

Stærð cm.	Dýna	Með still. botni
2x80x200		375.800,-
2x90x200		399.800,-
2x90x210		405.800,-
2x100x200		423.800,-
120x200		230.900,-
140x200		257.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugi.



Nature's Shape heilsurúm

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- Aloa Vera áklæði
- 5 ára ábyrgð!



Aðeins kr.
14.477,-
í 12 mánuði*

STÆRD 160X200

HJÓNA-
RÚM

Dorma-verð

Shape dýnur

Stærð cm.	Dýna	Með botni
80x200	59.900,-	83.900,-
90x200	65.900,-	97.900,-
120x200	85.900,-	121.900,-
140x200	99.900,-	143.900,-
160x200	114.900,-	163.900,-
180x200	129.900,-	181.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugi.



Nature's Rest

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²



Aðeins kr.
10.250,-
í 12 mánuði*

STÆRD 160X200

FRÁBÆR
KAUP

Dorma-verð

Nature's Rest

Stærð cm.	Dýna	Með botni
90x200	44.900,-	76.900,-
100x200	46.900,-	80.900,-
120x200	53.900,-	89.900,-
140x200	55.900,-	99.900,-
160x200	65.900,-	114.900,-
180x200	75.900,-	127.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugi.



Nature's Comfort Pillowtop

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- Steyptar kantstyrkingar



Aðeins kr.
13.097,-
í 12 mánuði*

STÆRD 160X200

DORMA
VERÐ

Dorma-verð

Nature's Comfort Pillowtop

Stærð cm.	Dýna	Með botni
120x200	77.900,-	113.900,-
140x200	87.900,-	131.900,-
160x200	89.900,-	147.900,-
180x200	107.900,-	159.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugi.



Nature's Luxury

- Mjúkt og slitsterkt áklæði með flauelsáferð
- 7cm Shape þrýsti-jöfnunarefni í yfirdýnu
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²



Aðeins kr.
15.425,-
í 12 mánuði*

STÆRD 160X200

DRAUMA
RÚM

Dorma-verð

Nature's Luxury

Stærð cm.	Dýna	Með botni
120x200	89.900,-	125.900,-
140x200	103.900,-	147.900,-
160x200	125.900,-	174.900,-
180x200	141.900,-	193.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugi.



Svefnsofar í sumarbústaðinn og gestaherbergið.



Daisy svefnsofi
kr. 89.900,-

BRÚNN &
GRÁR

Svefnsvæði 120x195 cm
Einnig til án arma.



Með rúmfatageymslu

Milano
hægindastóll
á frábæru verði!



Hægindastóll
kr. 39.900,-

FJÓRIR
LITIR



OPIÐ
Holtagörðum
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-16

DORMA
– býður góða nótt



Pöntunarsími
☎ 512 6800
www.dorma.is

Karlinn sem klifið hefur Kerlinguna

Móbergsdranginn Kerlingin er ekki árennilegur. Þó er vitað um einn mann sem náði lykkju utan um haus hennar og kleif þar upp. Það er Ágúst Bjartmars en hann er einnig badmintonmeistari og siglir enn trillu sinni þó 88 ára sé.

MANNLÍF Þegar komið er í Kerlingarskarð á Snæfellsnesi blasir þar Kerling ein við á toppi Kerlingarfjalls og þó hún hafi hægt um sig hefur hún eflaust verið hin mesta ögrun fyrir hugdjarfa klifurmenn. Þó er aðeins vitað um einn sem farið hefur upp á Kerlinguna, ef svo mætti að orði komast, en það er eldhuginn Ágúst Bjartmars frá Stykkishólmi.



ÁGÚST BJARTMARS

„Það var árið 1939 en þá vorum við skátarnir þarna í grenndinni og það þurfti náttúrulega að finna sér eitt-hvað að gera,“ segir Ágúst sem þykir ekki mikið til afreks síns koma. „Ég var með snæri og reyndi nokkrum sinnum að kasta lykkjunni yfir hausinn og svo þegar það tókst þá var ekkert annað að gera en að koma sér upp.“ Kerlingin er tuttugu og einn meter á hæð og þverhnipt svo það er kannski ekkert að undra þó að mönnum fallist hendur undir pilsfaldi hennar.

„Menn voru alltaf uppi í fjöllum á þessum tíma svo þetta þótti nú ekkert svakalegt,“ segir Ágúst hógvær.

En hann atti ekki aðeins kappi við Kerlinguna því hann er einnig fimmfaldur Íslandsmeistari í badminton. Höfuðborgarbúum þótti það mikil hneisa þegar Hólmari kom í bæinn og vann Íslandsmeistaratitilinn árið 1958. Þá lagði hann Wagner Walbom að velli en sá danski hafði verið Jótlandsmeistari. „Menn tóku þetta óstínt upp og það var skorað á mig að spila við hann aftur því menn voru sannfærðir um að þetta færi á annan veg ef við spiluðum aftur,“ segir Ágúst. „Ég sagði bara allt í lagi en þið verðið þá að



KERLINGIN Móbergsdranginn er ekki árennilegur enda er ekki vitað um nema einn sem hefur klifið hann, þá fimmtán ára. MYND/HARALDUR SIGURÐSSON

Dagaði uppi eftir veiðar

Ýmsar þjóðsögur eru til sem eiga að útskýra tilurð Kerlingarinnar. Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur sagði Fréttablaðinu eina slíka.

„Tröllkerling ein var á silungsveiðum í Baulárvallavatni og bar vel í veiði,“ segir Haraldur. „En henni var örðug leiðin heim enda með þunga silungs-kippu á bakinu og sólin farin að gægjast við sjóndeildarhringinn. Þegar kerlingin er komin upp á háfjallið ná fyrstu sólargeislarnir á hana svo hún daga þar uppi.“

koma hingað vestur og við spilum í Stykkishólmi.“

Leikar þessir fóru hins vegar á versta veg á Hólminum því Walbom fékk fyrir hjartað og var hætt kominn.

„Þetta var vænn maður, hann tók öllu eins og góður íþróttamaður en það voru menn í Reykjavík sem öttu honum fram í þetta, í þá daga þótti mörgum það sárt að einhver utan af landi færi sigurför í bæinn.“

Ágúst er nú áttatíu og átta ára að aldri en ennþá ólgar blóð í æðum. Hann á helminginn af Bíldey og siglir þangað reglulega á trillunni sinni.

„Ég er nú stundum skammaður fyrir að vera að fara þetta einn en þá vingsa ég bara farsímanum og svara því til að ég hringi bara ef mér þykir ástæða til,“ segir hann.

jse@frettabladid.is

Prusu prenna!

London / Edinborg / Köln verð frá:

14.900 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar.
Ferðatímabil: 25. júlí til 30. september 2012

12 TÍMA TILBOÐ!
frá hádegi til miðnættis

Iceland Express 
-lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

Smellugas Olís

einfalt og þægilegt

– fyrir grillið, útileguna og heimilið
á næstu Olís-stöð og hjá umboðsmönnum um allt land.



Smellugas

Skagfirðingar standa frammi fyrir stórtækum skipulagsbreytingum til að ná niður launakostnaði:

Boðar skerðingu en engar uppsagnir

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sveitarstjórn sveitarfélagsins Skagafjarðar kynnti nýverið fyrir starfsmönnum stórtækar skipuritsbreytingar sem þar standa fyrir dyrum. Markmiðið með þeim er að ná launkostnaði niður í 57 prósent af heildartekjum sveitarfélagsins en hann er nú tæp 66 prósent. Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggingaráðs, kynnti breytingarnar og segir hann að þær feli ekki í sér uppsagnir en óneitanlega þurfi margir að taka á sig einhverja skerðingu. Starfssviðum verður fækkað úr sjö í þrjú þannig að eftir verða fjölskyldusvið, mannauðs- og fjármálasvið og veitu- og framkvæmdasvið sem framvegis mun taka yfir

rekstur Skagafjarðaveita. „Við ákváðum að fara ekki í neinar uppsagnir en hins vegar verður öllum fastlaunasamningum sagt upp og þeir síðan endurskoðaðir,“ segir Stefán Vagn. „Við látum svo starfsmannaveltuna sjá um að þynna flokkinn en auðvitað gerum við okkur líka grein fyrir því að stundum komumst við ekki hjá því að ráða fyrir einhvern sem hættir. Svo verður sett á aukavinnubann þannig að það þarf að fá sérstakt leyfi fyrir allri aukavinnu.“ Hann leggur ríka áherslu á að unnið verði að þessu með starfsfólkinu svo að landingin verði sem farsælust í þessum annars erfiðu breytingum.

- jse



FRÁ SAUBÁRKRÓKI Skagfirðingar munu aldeilis ekki fara varhluta af aðhaldsaðgerðunum sem nú standa fyrir dyrum.



MEÐ GÓRILLU Á BAKINU Þjóðgarðsvörður í Kongó leikur sér að ungri górilla sem er munaðarlaus og fékk athvarf í þjóðgarðinum. NORDICPHOTOS/AFP



ÆGIR Varðskipið kom hingað síðasta haust eftir að hafa verið í Miðjarðarhafinu. MYND/GUÐMUNDUR ST. VALDIMARSSON

Enn sinnir varðskipið eftirliti:

Ægir heldur í Miðjarðarhafið

LANDHELGISGÆSLAN Varðskipið Ægir hefur verið sjósett á ný eftir að hafa staðið í slipp við Reykjavíkurbörn undanfarnar vikur þar sem sinnt var almennu viðhaldi á skipinu. Það mun síðar í mánuðinum sigla í Miðjarðarhafið og sinna landamæragæslu fyrir Evrópusambandið eins og það gerði í fyrra. Ísland er aðili að Frontex, landamærastofnun Evrópusambandsins í gegnum Schengensamstarfið um ytri landamæri ESB. Landhelgisgæslan hefur lagt til tæki fyrir Íslands hönd. Í slippnum var varðskipið Ægir yfirfarið, öxuldregið, bolskoðað og málað. Skipið er 44 ára gamalt en hefur hlotið talsverðar endurbætur í gegnum tíðina. Ægir hefur verið við Íslandsstrendur síðan í haust og sinnt almennum öryggisskyldum á meðan varðskipið Þór hefur verið í viðgerð.


- bph

Brást í barnaníðsmáli:

Penn State fær risavaxna sekt

BANDARÍKIN, AP Íþróttasamband háskóla í Bandaríkjunum sektaði í gær fótboltalið Penn State-háskólans í Pennsylvaníuríki um sextíu milljónir dollara, jafnvirði sjö og hálfs milljarðs króna, og svipti fótboltalið skólans öllum titlum þess undanfarin fjórtán ár. Rannsókn alríkislögreglunnar leiddi nýlega í ljós að Jerry Sanduski, aðstoðarþjálfari liðsins, hefði gerst sekur um að misnota tíu pílta kynferðislega um fimm-tán ára skeið. Hann lést í janúar. Jafnframt voru fjórir starfsmenn skólans sagðir ábyrgir fyrir því að hafa ekki brugðist við kvörtunum yfir Sanduski. Þeirra á meðal var aðalþjálfarinn Joe Paterno, sá sigursælasti í sögu bandaríksks háskólaíþíbolta. Styttu af honum sem stóð fyrir utan skólann hefur nú verið fjarlægð.

- sh



LÍFEYRISAUKI


SJÖ LEIÐIR TIL ÁVÖXTUNAR

Lífeyrisauki

Lífeyrisauki er stærsti sjóður landsins sem sinnir eingöngu viðbótarlífeyrssparnaði. Í Lífeyrisauka eru sjö ávöxtunarleiðir í boði.

Sjö fjárfestingarstefnur sem henta ólíkum þörfum.

Sendu okkur póst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is og fáðu að vita hvað Lífeyrisauki getur gert fyrir þína framtíð.



Nafnávöxtun 30.06.2011 – 30.06.2012
5 ára meðalnafnávöxtun tímabilið 30.06.2007 – 30.06.2012

Minna er meira

Reykjavík sumarið 2012 er svo sannarlega lifandi borg. Veðrið í sumar hefur auðvitað verið í liði með mann-lífinu en til viðbótar hefur fjölgun ferðamanna aukið umsvifin í miðborginni sem aftur gerir að verkum að borgarþúar eiga frekar erindi niður í bæ en áður.

Undanfarin ár hefur hugmyndaflug borgaryfirvalda aukist varðandi ýmsar tilraunir í borgarlandinu. Vinjar hafa verið gerðar, litlar og stórar, með tiltölulega litlum tilkostnaði. Í

SKOÐUN

Steinnunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



sumum tilvikum er tjaldað til eins sumars en í öðrum tilvikum lengur. Hugmyndaflug íbúa borgarinnar er þarna virkjað og niðurstaðan verður frjó og skemmtileg. Torg og græn svæði í miðbænum og á mörkum miðbæjar og íbúðahverfa laða sannarlega til sín fólk þegar

vel viðrar, að ekki sé talað um þegar þar birtast sölubásar og/ eða boðið er upp á listrænar uppákomur. Heilsa borgarinnar og mannlífsins þar er þannig með betra móti.

Sátt virðist ríkja um að þau fáu hús sem staðið hafa í borginni í meira en mannsaldur fá að standa þar áfram og að þeim sé hlúð þannig að í þeim birtist andi og menning þess tíma sem þau voru byggð á. Enn er þó skipst á skoðunum um borgina, skipulag hennar, nýtingu á rými og umgjörðina utan um elstu húsinn.

Skoðanaskipti um skipulag og uppbyggingu við Ingólfrstorg og Austurvöll snúast þannig ekki beinlínis um húsfríðun, eins og oft hefur verið þegar skipst er á skoðunum um skipulagsmál í borginni, heldur ásýnd, götu- og torgmyndir, byggingarmagn og það hvort nýbyggingar styrki það sem fyrir er eða spilli fyrir því. Hún snýst líka um ýmislegt annað svo sem hvernig starfsemi eigi að vera í þeim húsum sem um ræðir. Engan skyldi undra að sitt skuli hverjum sýnast þegar um ræðir skipulag á allra elsta hluta borgarinnar. Í Reykjavík er afar lítið um bygg-ingarsögulegar minjar og því skiptir miklu að sem best takist til um að veita elstu húsunum sómasamlega umgjörð.

Efnt var til metnaðarfullrar hugmyndasamkeppni um uppbyggingu svæðisins en eins og Pétur Ármannsson arkitekt hefur meðal annars bent á þá voru gefnar forsendur (úreitt deilis- skipulag) þannig að útkoman gat líklega aldrei orðið ásætlanleg meðal annars vegna þess byggingarmagns sem gert var ráð fyrir í forsendunum og er ekki einu sinni fullnýtt í vinnings- tillögnum.

Rómantík um mjó götusund á heldur illa við íslenskan veru- leika. Skuggsæl sund geta veitt indæla hvíld frá sterkri sól og hita í borgum sem eru nær miðbaugi en Reykjavík. Hér eru þau hins vegar heldur svöl og ónotaleg, jafnvel á allra heitustu dögum ársins. Hér þarf að huga að því að skýla fyrir vindi án þess að skyggja á sól.

Formaður skipulagsnefndar Reykjavíkur segir að skipulagsmál séu vísindi og þess vegna sé óþarfi að þjarka um þau. Vissulega eru skipulagsmál fræðigrein sem lýtur ákveðnum lögmálum. Hitt er fullvíst að fólk mun alltaf hafa áhuga og skoðanir á umhverfi sínu og það sem sumum finnst gott finnst öðrum vont.

Þegar átt er við elstu hús borgarinnar og umhverfi þeirra hlýtur þó að verða að hafa að leiðarljósi að minna er meira. Þau eiga skilið bæði frið og rými.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinnunn Stefánsdóttir steinnunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

OROBLU

Sunny 8 No toe
Sokkabuxur

- Tálausar
- Punnar
- Sólbrúnt útlit
- fullkomnar í sandalana/bandaskó

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki króna frá ríkinu

Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fór í leyfi frá þingstörfum frá apríl 2010 til septem-ber 2011. Ástæðan var rannsókn á sjóði 9, en Illugi var þar í stjórn. Í febrúar 2009, skrifaði Illugi grein á heimasíðu sína þar sem hann rakti að stjórn Glitnis hefði ákveðið að kaupa skuldabréf Stoða af sjóði 9 með afföllum. Til kaupanna hefði Glitnir notað sína eigin fjármuni og engir peningar hefðu farið úr ríkissjóði í þau. Þetta tvítekur hann í rökstuð- ingi sínum: „Engir peningar fóru úr ríkissjóði í sjóð 9.”

Veit ESA af þessu?

Í ljósi þessarar fullyrðingar er nýtil- komin niðurstaða ESA, eftirlits- stofnunar EFTA, allrar athygli verð. Stofnunin kemst að því að kaup þriggja stóru bankanna á eignum í vörslu átta fjárfestingasjóða, þar með talið sjóði 9, hafi verið ríkisaðstoð.

„ESA litur svo á að kaupin á skuldabréfasöfnunum, sem sýnilega höfðu skerst verulega í virði, hafi verið fjármögnuð af ríkisfjármunum og að ákvarðanirnar um kaupin megi rekja til íslenska ríkisins,” segir ESA. Þarf Illugi ekki að útskýra þetta misræmi?



Kosningafjöld

Óhætt er að segja að Íslend- ingar verði kosningaglaðari eftir því sem fram líða stundir. Alþingis- kosningarnar næsta vor verða sjöundu kosningarnar frá síðustu Alþingiskosningum. Tvisvar hefur verið kosið um Icesave, einu sinni til sveitarstjórnar, stjórnlagabings og um forseta. Þá á eftir að kjósa



um nýja stjórnar- skrá. Það veltur svo á Hæstarétti hvort kjósa þarf á ný til forsetans, þannig að enn getur kosningum fjölgað. kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Enn um Hörpu

Menning



Ármann Örn Ármannsson
viðskiptafræðingur

Í júlíbyrjun birtist í Fréttablaðinu styt- t útgáfa af grein minni um Hörpu. Í grein- inni voru ein mistök, ég titlaði aðstoðarmann forstjóra, sem samkvæmt eigin upplýsingum tekur ekki við störfum fyrr en 1. ágúst, sem lögfræðing. Ég biðst velvirðingar á þessari rangfærslu. Forstjórinn getur upplýst okkur um þá menntun sem hún hefur til að bera til að vera hans sérstakur aðstoðarmaður ef honum sýnist svo þegar hann tekur til starfa.

Að undanskildum tveim vinsamlegum e -mailum frá væntanlegum forstjóra hef ég engin viðbrögð fengið við grein minni. Sigur- sæll er góður vilji og ég vil gjarnan biða og sjá hverju Halldór fær áorkað.

Sennilega var það bjartsýni að búast við að forsætisráðherra eða borgarstjóri (eða þeirra aðstoðarmenn) tækju sig til að svara þeim spurningum sem koma fram í grein minni eða þá Pétur Eiríksson, stjórnarfor- maður ýmissa þeirra félaga sem reka Hörpu. Mér sýnist hann bera stóra ábyrgð á því sem sumir myndu kalla óhóflegt bruðl.

Það sýnir hvar lýðræðið er á okkar landi að enda þótt stjórnmálamenn í orði kveðnu kvarti undan vantrausti almennings, þá kæra þeir sig kollótta þegar þeir eru beðnir að svara við spurningum sem margir vilja fá svar við. Ég hef fyrir gráglettni örlaganna

verið að mestu búsettur í Frakklandi sl. ára- tug og verið m.a. að vinna að því að kenna Frökkum að meta afurðir Lýsis hf. Það er ekki auðhlaupið að því og í tvisgang hefur mér ofboðið og ég skrifað forseta franska lýðveldisins bréf. Í bæði skiptin hef ég fengið svar á skömmum tíma og í annað skipti leiðréttingu minna mála og í hitt skipt- ið skýringar sem ég varð að sætta mig við. Svona virkar þó þrátt fyrir allt lýðræðið í Frakklandi þó það geri það augljóslega ekki á Íslandi.

Í Lilju Eysteins Ásgrímssonar segir (eftir minni):

Varðar mest til allra orða undirstaðan sé réttleg fundin.

Galli við Hörpu er að mínu mati að undir- staðan er ekki réttleg fundin. Málefnið er gott en forsendurnar verða að vera réttar og öll umgjörð.

Í grein minni um Hörpu var ég síst af öllu að gagnrýna þá sem byggðu Hörpu hörðum höndum. Handverk þeirra er til sóma og þeir mega vera stoltir af sínu verki.

Það mun verða erfitt að leiðrétta þá undir- stöðu sem Harpa er byggð á, en forsenda þeirra leiðréttinga er að fólk sé upplýst um þá miklu soun sem hér hefur átt sér stað og hver er ábyrgur fyrir henni.

Breytist stjórnarskráin með tímanum?

HUGLEIÐINGAR
UM LÖG OG RÉTT



Róbert R. Spanó
prófessor við lagadeild HÍ

Stjórnarskráin í brennidepli þjóðfélagsumræðunnar
Stjórnarskráin hefur verið í brennidepli á undanförunum misserum. Í nýlegri umræðu um Landsdómsmálið, valdsvið forseta og breytingar á stjórnarskránni hafa komið fram ýmis sjónarmið um hvernig beri að túlka og beita henni. Eitt af þeim atriðum sem deilt hefur verið um er hvort merking stjórnarskrárinnar þróist með tímanum án þess að henni sé formlega breytt. Þýðir stjórnarskráin eitt í dag og annað á morgun eða er merking hennar ávallt sú sama? Hvaða gildi hafa hefðir og venjur þeirra sem fara með ríkisvald við túlkun stjórnarskrárákvæða um störf þeirra? Við þessum stóru spurningum er ekki hægt að veita einföld svör. Að þessu sinni verður þó gerð tilraun til að lýsa nokkrum almennum sjónarmiðum um þetta efni.

Hvað er stjórnarskrá?
Stjórnarskrá í lýðræðisþjóðfélagi er samfélagssáttmáli, sem samþykktur er af meirihluta þjóðfélagsþegnanna, og fjallar um grundvöll og dreifingu ríkisvalds og vörn einstaklinga gegn því. Með stjórnarskrá setja borgarar í samfélagi sér almennar leikreglur og umgjörð utan um þær stofnanir sem sátt ríkir um að fari með vald í þágu almanna-hagsmuna, þ.e. ríkisvald. Í vestrænum samfélögum er auk þess leitast við með stjórnarskrá að tryggja að ríkisvald safnist ekki á fárra manna hendur. Er því ríkisvaldi venjulega skipt á milli þeirra sem fara með löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvald. Með mannréttindaákvæðum er lagt

til grundvallar að grunnviðmið hvers lýðræðislegs samfélags sé frelsi einstaklingsins til orða og athafna sem aðeins verður takmarkað í þágu almanna-hagsmuna ef brýna nauðsyn ber til. Þá mæla nýlegri stjórnarskrár gjarnan fyrir um þau grunnréttindi af efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum toga sem hið opinbera skal tryggja borgurinum.

Lagagildi stjórnarskrárinnar og mismunandi eðli stjórnarskrárákvæða
Stjórnarskráin hefur lagagildi og er jafnframt æðri lögum sem Alþingi setur. Borgararnir njóta því þeirrar mannréttindaverndar sem stjórnarskráin mælir fyrir um. Handhavar

lega við um völd forseta. Allar stjórnarathafnir vinnur hann til að mynda fyrir tilstuðlan og á ábyrgð ráðherra, þótt mörg ákvæði séu orðuð þannig að þau fjalli aðeins um vald forseta.

Stjórnarskráin sem grundvallarreglur og breytilegt inntak mannréttindaákvæða
Í ljósi eðlis stjórnarskráa hljóta þær jafnan að hafa að geyma grundvallarreglur. Að baki þeim búa tilteknar pólitískar hugsjónir sem ætlað er að hafa langvarandi gildi og skapa stöðugleika og vissu um þann ramma sem samfélagið býr við hverju sinni. Túlkun slíkra grundvallarreglna lýtur því nokkuð öðrum lögmálum

viðhorf eða skilning á þeim undirliggjandi gildum eða markmiðum sem búa að baki viðkomandi ákvæði. Hér á árum áður var sem dæmi ekki viðurkennt með sama hætti og nú að mismunandi staða manna að lögum eftir kynferði eða kynhneigð bryti gegn þeim undirliggjandi gildum sem jafnræðisregla byggir á. Nú er öldin önnur, merking jafnræðisreglunnar hefur þróast í takt við aukinn skilning á mikilvægi þess að menn séu í reynd jafnir. Jafnframt hefur reglan í æ ríkari mæli verið talin gilda þegar hið opinbera úthlutar takmörkuðum gæðum. Þegar grannt er skoðað eiga þessi sömu sjónarmið við um flest mannréttindaákvæði með

venjur um störf sín. Að sama skapi eru þó takmörk fyrir því að hvaða marki þeir geta vikið frá þeim venjum sem myndast hafa með lögmætum hætti, enda á stjórnarskráin að skapa stöðugleika og vissu, eins og áður er rakið. Það er því t.d. ekki sjálfsgefið að nýr forseti hafi lagalega óheft svigrúm til að „móta embættið eftir eigin höfði“, eins og stundum er haldið fram, og þá horft með öllu fram hjá venjum sem áður hafa þróast í störfum þess.

Verklag handhafa ríkisvalds getur þó almennt ekki haft lagagildi gangi það beinlínis í berhögg við stjórnarskrána. Forseti, alþingismenn og ráðherrar geta því að jafnaði ekki í krafti hefðar eða venju tekið sér vald sem stjórnarskráin veitir þeim ekki eða áskilur með skýrum hætti að beitt sé með öðrum hætti en lagt hefur verið til grundvallar í framkvæmd. Í dómi meirihluta Landsdóms var þannig hafnað þeirri málsvörn ákærða að reglubundið verklag um óformlegt samráð oddvita ríkisstjórnarflokka utan ráðherrafundar um mikilvæg stjórnarmálefni tengd bankahruninu hefði getað girt fyrir refsíabyrgð hans á grundvelli laga um ráðherraábyrgð í ljósi 17. gr. stjórnarskrárinnar. Þann lærdóm má draga af dómi Landsdóms að handhavar ríkisvalds verða að fylgja þeim skilningi sem leiðir af skýrum texta stjórnarskrárákvæðis. Slíkum ákvæðum verður ekki breytt með hefðum eða venjum, jafnvel þótt þeim hafi verið fylgt um langan tíma.

Samantekt
Stjórnarskrárákvæði eru ekki öll sama eðlis eða hafa sama tilgang. Eins og leitast hefur verið við að útskýra hér að framan eru sum þeirra þannig fram sett að breytileg túlkun kemur til greina, en önnur eru orðuð með nákvæmari hætti þannig að lítið svigrúm er til þess að merking þeirra geti breyst með tímanum.

Í ljósi eðlis stjórnarskráa hljóta þær jafnan að hafa að geyma grundvallarreglur. Að baki þeim búa tilteknar pólitískar hugsjónir sem ætlað er að hafa langvarandi gildi og skapa stöðugleika og vissu um þann ramma sem samfélagið býr við hverju sinni. Túlkun slíkra grundvallarreglna lýtur því nokkuð öðrum lögmálum en túlkun annarra lagareglna.

ríkisvalds mega auk þess ekki ganga lengra en valdheimildir þeirra í stjórnarskránni bjóða. Þá er jafnan hægt að framfylgja efni hennar fyrir dómstólum.

Mannréttindaákvæði eru yfirleitt orðuð með frekar matskenndum hætti. Þau lýsa jafnan tilteknum réttindum sem einstaklingar eiga gagnvart ríkisvaldinu og mögulegum frávikum frá þeim réttindum. Til samanburðar eru hins vegar flest ákvæði um handhafa ríkisvalds orðuð með tiltölulega nákvæmum hætti ef grannt er skoðað, en þau lýsa því hver fer með tiltekna valdheimild og við hvaða aðstæður. Við túlkun ákvæða um handhafa ríkisvalds skiptir þó miklu máli að lesa ákvæðin saman og kanna sögulegt samhengi þeirra. Á það sérstak-

en túlkun annarra lagareglna. Þótt texti stjórnarskrárákvæðis sé, eins og annarra lagaákvæða, útgangspunktur lögskýringar verður því alltaf að hafa í huga undirliggjandi gildi þess og meginmarkmið.

Merking stjórnarskrárákvæða, einkum mannréttindaákvæða, kann að taka breytingum í tímans rás. Þetta getur gerst með tvennum hætti. Í fyrsta lagi getur ný þekking skapað breyttan skilning á þeim staðreyndum sem liggja til grundvallar mannréttindaákvæði. Þannig verður sem dæmi að beita tjáningarfrelsisákvæðinu í dag í ljósi þróunar í upplýsingatækni og –miðlun sem ekki var fyrir hendi hér á árum áður. Í öðru lagi kann merking mannréttindaákvæðis að taka breytingum í takt við ný

einum eða öðrum hætti, enda séu þau orðuð þannig að þau hafa að geyma matskennda mælikvarða en ekki nákvæmar reglur.

Hefðir og venjur um störf handhafa ríkisvalds
Í störfum handhafa ríkisvalds skapast ýmsar venjur eða verklag. Slíkar venjur geta, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, öðlast lagagildi og nefnast þá stjórnskipunarvenjur. Reglubundið verklag í störfum handhafa ríkisvalds getur þannig látið stjórnarskrána virka í samræmi við raunveruleikann í nútímasamfélagi. Það er t.d. viðurkennt að löggjafinn geti framselt ráðherrum vald til að setja almennar reglur, svokölluð stjórnvaldsfyrirmæli. Það er því töluvert svigrúm fyrir handhafa ríkisvalds til að móta

ÚTILÍF

GAKKTU LENGRA Í SUMAR

ÚRVAL AF VÖNDUÐUM GÖNGUSKÓM FRÁ ÞEKKTUM FRAMLEIÐENDUM.

ÞÚ GETUR TREYST OKKUR ÞEGAR VELJA ÞARF GÖNGUSKÓ.



VERÐ: 52.990 KR.
MEINDL ISLAND GTX
Hálftífir og margrómaðir.
Fáanlegir í dömu- og herraútfærslu.



VERÐ: 54.990 KR.
SCARPA HECLA GTX
Klassískir gönguskór fyrir dömur.
Fást í Kringlunni og Glæsibæ.
Herraútfærsla: Scarpa Ladakh.



TILBOÐ: 34.392 KR.
MEINDL KANSAS GTX
Sérlega þægilegir og traustir, Gore-Tex vatnsvörn. Fáanlegir í dömu- og herraútfærslu.
Almennt verð: 42.990 kr.



VERÐ: 29.990 KR.
TNF VINDICATOR MID GTX
Þægilegir í léttar göngur.
Fáanlegir í dömu- og herraútfærslu.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

Hótelumræðan – framboð og eftirspurn?

Skipulagsmál

Anna Hildur Hildibrandsdóttir

verkefnastjóri hjá NOMEX



Nokkuð hefur verið tekið á um nýjar tillögur að uppbyggingu í Kvosinni. Mér og fleiri þykir að þarna ráði hagsmunir lóðareiganda of miklu. Lóðareigandinn er í viðskiptum og eðlilegt að hann hugsi um hámarksávöxtun. En er það hlutverk pólitíkusanna í borgarstjórn að láta hagsmuni hans ráða för?

Reiturinn sem um ræðir er í hjarta borgarinnar. Margir landsmenn og erlendir ferðamenn (eins og þeir sem sækja Iceland Airwaves í þúsundavís) vilja njóta á svæðinu fjölbreytni í menningu, mat og upplifun. Bent er á að aukið byggingarmagn og einsleit starfsemi þrengi að slíkum kostum auk þess sem stóru hóteli fylgir aukin bílaumferð.

Hroki og yfirlæti

Áhrifamenn í opinberri umræðu hafa að mínu mati sýnt af sér fádæma hroka í þessu máli. Þannig spyr Dagur B. Eggertsson – þegar forseti þingsins varpar fram efasemdum og áhyggjum af nýjum tillögum um reitinn – hvort ekki sé rétt að loka Hótel Borg? Sjón spyr hvort Páll Óskar og þeir sem hamist mest gegn hótélum í miðbæ Reykjavíkur myndu gista í úthverfum stórborga heimsins á ferðalögum sínum. Og Egill Helgason talar

um bábilju og segir fólki sem er á móti þessum áætlanum að það hafi ekki vit á skipulagsmálum.

Það er eins og þeir ásamt þröngum hópi beinna hagsmunaaðila, séu í herferð fyrir því að nákvæmlega þarna verði að rísa nýtt hótél og orðið miðbær nái aðeins yfir þennan reit. Með yfirlæti er gert lítið úr gagnrýni og ábendingum frá fólki sem lætur sig þetta mál varða. Samt hafa meira en 11.000 manns þegar

Almenningur á heimtingu á því að borgarstjórn leggi við hlustir og að gagnrýni sé ekki svarað með skætingi.

skrifað undir áskorun gegn þessum tillögum. Og fyrir því eru margar gildar ástæður.

Hvar er úttektin á framboði og eftirspurn?

Nú þegar er fjöldi hótela í og allt í kringum Kvosina og síðan í Þingholtum og við Laugaveg, Hverfisgötu og Sæbraut. Ráðgert er að byggja 250-300 herbergja lúxushótel við Hörpu og í einum af þremur ráðgerðum turnum við Höfðatorg er gert ráð fyrir 300-350 herbergja hótelpbyggingu. Gistiheimili er í bígerð við Laugaveg 77 og fleira mætti nefna.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 3.611 gistirými á

höfuðborgarsvæðinu árið 2011, langflest í Reykjavík. Gistirými í miðborginni eykst um mörg hundruð herbergi á næstu 1-2 árum fyrir utan þau 159 herbergi sem ráðgerð eru í þessum nýju tillögum. Við Höfðatorg og Lækjargötu 12 má svo eiga von á hundruðum herbergja til viðbótar og fleiri hugmyndir eru í farvatni. Þetta mun þýða allt að 30% aukningu á framboði hótélherbergja á afar stuttum tíma sem er mun meira en ráðgerð fjölgun ferðamanna.

Á vef Reykjavíkurborgar birtist frétt um úttekt 28.6. sl. undir fyrirsögninni „Mikil þörf fyrir gistirými í Reykjavík“. Mér finnst umhugsunarvert að þessi ágæta úttekt skuli birtast fyrst núna og fyrirsögnin að ýmsu leyti villandi. Niðurstöðurnar sýna einmitt mikinn þéttleika gististaða í miðborginni og 65% nýtingu þess gistirýmis sem þegar er til staðar á sumrin og 35% nýtingu á veturna. Sé nýting hótélherbergja skoðuð ein og sér þá er hún 80% á sumrin.

Eftir situr spurningin hvort það liggi fyrir heildaráætlun og skipulag varðandi hótelpbyggingu í Reykjavík og hvort aukið framboð sé í samræmi við eftirspurn?

Eða er yfirlætið svo mikið að leiðandi aðilar í umræðunni bjóða okkur upp á „afþvíaða rök“? Almenningur á heimtingu á því að borgarstjórn leggi við hlustir og að gagnrýni sé ekki svarað með skætingi þegar svo ríkir almannahagsmunir eiga í hlut.

Ingólfstorg og hagsmunir okkar

Skipulagsmál

Hjörleifur Stefánsson

arkitekt



Niðurstaða samkeppni um framtíð Ingólfstorgs og nágrennis hefur verið efni margra blaðagreina undanfarna daga og þykir mörgum sem hagsmunir húseigenda á svæðinu hafi verið þungir á metum. Að hagsmunir almennings hafi ekki verið hafðir að leiðarljósi.

Þetta mál á sér langan aðdraganda og forsöguna má rekja jafnvel alla leið til ársins 1927 þegar fyrsta heildarskipulag borgarinnar leit dagsins ljós og ákveðið var að timburhúsabyggingin skyldi víkja fyrir steinsteyptum húsum. Hér gefst ekki svigrúm til að rekja söguna í smáatriðum, en mikilvæg þáttaskil urðu þegar borgarstjórn samþykkti deiliskipulag Kvosarinnar árið 1987 þar sem kveðið var á um að rífa mætti öll timburhús á þeim lóðum sem samkeppnin nær til og reisa í þeirra stað miklu stærri hús úr steinsteypu.

Síðan hafa hús og lóðir gengið kaupum og sölu og verðlagning þeirra hefur tekið mið af því hve stór hús mætti byggja samkvæmt deiliskipulaginu. Um það leyti sem skipulagið gekk í gildi voru viðhorf til gamla bæjarins hins vegar að breytast á þann veg að okkur bæri að varðveita sem mest af sögulegum minjum bæjarins.

Borgaryfirvöld litu þó svo á að ef deiliskipulaginu yrði breytt og byggingarheimildir skertar kynni borgarsjóði að verða skylt að bæta lóðareigendum sem keypt hefðu eignir sínar á grundvelli ákveðins „byggingarréttar“ þá rýrnun sem yrði á verðgildi lóðanna. Aldrei hefur verið látið á þetta reyna fyrir dómstólum en öllum kröfum um endurskoðun á byggingarheimildum hefur verið mætt með mikilli tregðu sem rökstudd er með skaðabótaskyldunni.

Í þessu stappi hefur nú staðið í

meira en aldarfjórðung og samkeppnin um Ingólfstorg snerist í raun um hið ómögulega: Hvernig hægt væri að byggja á þessu svæði þannig að almenningur geti vel við unað en þó án þess að skerða „byggingarrétt“ húsa- og lóðahafa.

Ekki vil ég draga í efa að borgarstjórn hafi talið sig vera að gæta hagsmuna borgarbúa allra þegar hún efndi til samkeppninnar. Hún hafi reiknað með því að það myndi kosta mikil fjárútlát að draga úr „byggingarréttinum“ og því hafi hún efnt til samkeppninnar í samvinnu við eiganda stærstu húsa svæðisins í von um að finna lausn sem væri ásættanleg af beggja hálfu.

Þessi meinti „byggingarréttur“ hvílir hins vegar á forsendum um framtíð miðbæjarins sem fyrir löngu hefur verið hafnað. Nútíma viðhorf til framtíðar sögulegs umhverfis verða ekki beygð undir úreltar ákvarðanir frá 1987.

Það er auðvitað hægt að leysa þennan hnút en til þess þarf einbeitingu og vilja.

Borgarstjórn ætti að horfast í augu við þá staðreynd að hún verður að breyta um afstöðu til þessara mála. Hún ætti sem fyrst að hafa frumkvæði að því að undirbúa breytingu á skipulagslögum til þess að endurspegla þennan skilning á takmörkum byggingarréttar sem veittur er.

Verðgildi eigna breytist ævinlega. Fasteignir hækka og lækka í verði og gjöld sem eigendur greiða af þeim sveiflast. Sveitarstjórnir sem fara með skipulagsmál eiga lögum samkvæmt að endurskoða bæði aðal- og deiliskipulag og sjá til þess að skipulagsáform séu í samræmi við gildismat á hverjum tíma eftir því sem unnt er.

Sá „byggingarréttur“ sem samþykkt deiliskipulag veitir lóðareigendum gildir auðvitað aðeins á meðan skipulagið heldur gildi sínu og að því tilskildu að forms-

atriðum og kröfum reglugerða sé fylgt. Þegar deiliskipulag er endurskoðað vegna breyttra viðhorfa kann réttur lóðahafa að breytast og hafi lóðareigandi ekki fært sér í nyt „byggingarrétt“ sem er skertur með nýju deiliskipulagi verður hann að lúta því á sama hátt og hann nýtur þess ef rétturinn er aukinn. Húseigandi verður að þola verðsveiflur á fasteign sinni hvort sem þær eru upp á við eða niður. Verðsveiflur á eignum okkar geta orðið vegna margvíslegra stjórnsvaldsákvæðana og þegar þær eru teknar með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi verður við þær unað.

Borgarstjórn hefur af einhverjum sökum kosið að líta þetta öðrum augum án þess þó að láta á þetta reyna fyrir dómstólum. Lögfræðingar borgarinnar hafa hikað og ekki dreg ég í efa að tvísynt kunni að vera um niðurstöðu slíks dómsmáls.

Hins vegar skiptir gríðarlega miklu máli að taka af vafa í þessum efnun og ýmislegt má gera til

Í ALLT SUMAR ER MÖGULEIKI Á VINNINGUM Í SÆLGÆTISÖSKJUM FRÁ GÓU

Athugaðu hvort vinningur leynist í Góu-öskjunni þinni. Ef það er númer í öskjunni, skaltu setja það inn í sumarleikinn á Facebook-síðu Góu (www.facebook.com/goa.is). Þá veistu strax hvað þú hefur unnið.

Allir sem skrá sig gætu svo átt von á risavinningum til viðbótar á FM957 í allt sumar.

YFIR 5.000 VINNINGAR!

Allar gerðir rúsinuaskja frá Góu eru með í leiknum.

Sinalco

Góu

Stofnað 1968

FÓLK


KYNNINGARBLAÐ



STYRKJANDI FYRIR HENDURNAR

Hér er uppskrift að heimagerðu handabaði sem styrkir hendurnar og byggir upp neglur. Blandið saman hunangi, þeyttri eggjarauðu og mjólk og látið hendurnar liggja í baðinu í 10 til 15 mínútur. Skolið af með volgu vatni.

TILBOÐ TILBOÐ



fæst í B,C skálum á ADEINS KR. 2.750,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Vertu vinur



Eirberg

Verð: 7.950 kr.

Fjölprepa bakkbrettið

Teygir á hrygg og bakkvöðvum

Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Útsalan
er hafin

Selena

Bláu húsin v/Faxafen

Sími 553 7355 • www.selena.is



HUGSIÐ UM HÚÐINA Unnur segir fólk ekki vera nógu meðvitað um hvaða efni það setur á húð sína. Húðin „borðar“ í raun það sem sett er á hana og því má ekki bera á hana hvað sem er.

MYND/ERNIR

FRÍSKANDI OFUR-FÆÐA FYRIR HÚÐINA

FALLEG HÚÐ Unnur Kolka Leifsdóttir, heilsunuddari, þróar sína eigin salt-skrúbba. Skrúbbarnir eru lífrænir og bakteríudrepandi og vinna með húðinni.

Unnur Kolka Leifsdóttir hefur þróað og blandað þrenns konar saltskrúbba eftir eigin uppskrift. „Ég hef lengi verið áhugamanneskja um húðumhirðu. Ég kynntist notkun á saltskrúbba fyrst þegar ég var að vinna á spa-i. Þá blandaði ég saman sjávar-salti og olíu og skrúbbaði fólk fyrir nuddið. Ég prófaði þetta sjálf og varð ástfangin,“ segir Unnur sem fór að þróa eigin uppskriftir.

Grunnurinn í hugmynd Unnar er sá að allt sem sett er á húðina fer inn í hana. „Húðin „borðar“ í raun það sem sett er á hana. Hún tekur inn næringu rétt eins og við nærumst á mat og því er tilvalið að næra hana á sannkölluðu ofurfæði.“ Unnur byrjaði á því að þróa eigin salt-blöndu sem er gerð úr bólgueyðandi söltum. Einnig eru uppbyggjandi efni fyrir kollagen húðarinnar í blöndunni þannig að með reglulegri notkun verður hún stinnari. „Næst fór ég að prófa mig áfram með olíur. Ég þróaði skrúbbana þannig að hráefnin styrkja hvert annað. Einn

skrúbburinn, kaffi-súkkulaði skrúbbur, er örvandi og vinnur á appelsínuhúð. Annar er kókos-lime skrúbbur. Hann er styrkjandi, græðandi og uppbyggjandi. Sá þriðji er búinn til úr goji-berjum og appelsínu. Hann er frískandi og hressandi. Skrúbbarnir eru allir andoxandi og bakteríudrepandi,“ segir hún.

Saltskrúbb er aldagömul aðferð til þess að viðhalda heilbrigði húðarinnar. Saltið slípar húðina á mildan hátt, losar hana við dauðar húðfrumur og „opnar“ hana svo að næringarefni eigi greiðari aðgang. „Þegar við notum sápu tekur hún húðfituna. Það er ekki gott því húðin er sjálf alltaf að reyna að halda jafnvægi. Þetta verður að nokkurs konar vítahring; maður notar sápu og verður þurr og þarf þá að nota krem. Skrúbbarnir eru algjörlega sápulausir og skilja húðina eftir hreina og mjúka.“

Skrúbbarnir fást á nuddstofu Unnar, Heilsubælinu, hjá Sölku forlagi og hjá Krummagulli á Neskaupsstað.

■ lilja.bjork@365.is



ANDOXANDI OG LÍFRÆNIR Skrúbbarnir hennar Unnar eru nú þegar til í þremur útgáfum. Fleiri tegundir eru væntanlegar og innan skamms verða skrúbbarnir fáanlegir í heilsubúðum. Þeir eru allir lífrænir.

Boston
leður
svart, hvítt st. 35-48
rautt st. 36-42
blátt st. 36-47

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Verð: 11.900 kr.

Roma
Rúskinn
lj.blátt d.blátt
36-42

Verð: 6.990 kr.

Monako
leður
svart, hvítt
rúskinn og
microfib.
st. 36-46

Verð: 7.990 kr.

Paris
leður
svart, hvítt,
blátt
m/microfib og
rúskinnssóla
st. 36-42

Verð: 10.900 kr.

Verona
svart, hvítt
st. 36-41

Verð: 8.600 kr.

Amsterdam
leður m/mikrófiber sóla
svart, hvítt
st. 36-42

Verð: 7.690 kr.

Bonító ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað á laugardögum

Stuðnings
stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 5000 notendur
á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lðjubjálfarar, sjúkrapjálfarar og lækna hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gífsloft.

Vilji
vilji.is

...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stíllanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

Eru flugur, flær eða maurar að ergja þig og bita?

áhrifaríkur og án allra eiturefna.

Allt að 8 tíma virkni.

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hjá N1

www.gengurvel.is

SÓFADÝR Í ÁHÆTTUHÓPI

■ EKKI GOTT

Það er jafnhættulegt að vera sófadyr og að reykja. Þetta sýnir ný bandarísk könnun sem birtist í tímaritinu The Lancet sem er eitt elsta og virtasta læknablað í heimi. Könnunin var gerð af vísindamönnum á 33 rannsóknastofum víða um heiminn. Hreyfingarleysi getur haft í för með sér ýmsa alvarlega sjúkdóma, svo sem hjarta- og kransæðasjúkdóma, sykursýki II, brjóst- og ristilkrabbamein. Áhættan af því að vera sófadyr er svipuð og að reykja, segja vísindamennirnir.

ÚTSALA Í FULLUM GANGI!

NÝ SENDING AF DRÖGTUM!

B/A/S/L/E/R *Parísar* TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

NINGS

Suðurlandsbraut 6

NINGS

Stórhöfða 17 við Gullinbrú

NINGS

Hlíðasmára 12 Kópavogi

Sími 588 9899

www.nings.is

Við flytjum þér góðar fréttir

365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu

Póstdreifing

ASKAR FYRIR ALLA

MATASKUR KYNNIR MatAskur ehf. hóf göngu sína haustið 2011. Fyrirtækið framleiðir nú þrjár gerðir af matarpökkum, stílaðar inn á heilsu og útivist.

Borghildur Sverrisdóttir, fyrrum einkaþjálfari og B.A. í sálfræði, er framkvæmdastjóri MatAsks ehf., íslensks sprotafyrirtækis sem hóf göngu sína síðastliðið haust. HeilsuAskur ruddi brautina með persónusniðnum matarpökkum sem byggja á orkuþörf fólks. Hann er í fríi í sumar en er væntanlegur aftur í haust. „Viðskiptavinir okkar hafa verið afskaplega ánægðir,“ segir Borghildur.

Í vor bættist við nýr askur en það er FerðaAskur. Hann inniheldur nesti fyrir útivistarfólk. „Hægt er að velja um þrjár mismunandi stærðir, fyrir lengri og styttri ferðir,“ útskýrir Borghildur. Hún segir ýmiss konar hópa nýta sér þjónustu þeirra: „Það er útivistarfólk af öllu tagi; fólk á leið í veiðiferðir, ævintýraferðir og svo gönguhópar og ferðaskipuleggjendur.“ Pantanir og nánari upplýsingur er að finna á heimasíðunni www.mataskur.is eða í síma 555 0909. Askarnir eru svo sóttir á leiðinni út úr bænum, annað hvort á Stöðinni í Suðurfelli eða á Vesturlandsvegi.

„Við viljum efla íslenskan landbúnað og hvetja fólk til að kaupa íslenskt. SveitaAskurinn, sem er nýjasta vörulínan okkar, byggir sérstaklega á því og þá förum við í grásrótina – til bændanna,“ segir Borghildur. SveitaAskurinn kom á



FERÐAASKUR

markað í lok júní og er fylltur alls konar sælkeramat, frá íslenskum bændum. „Þeir eru að framleiða svo spennandi og skemmtilegar vörur sem margar eru ófáanlegar á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Borghildur. „Þetta er tilvalin gjöf fyrir útlendinga, nú eða til þess að taka með sem nasl í bústaðinn eða lautarferðina.“ SveitaAskur er seldur á sjö stöðum, meðal annars í Leifsstöð. „Á sölustöðunum eru fyrirfram tilbúnir Askar, en á netinu er hægt að velja innihaldið sjálfur,“ útskýrir Borghildur.

Tvö prósent af allri sölu MatAsks renna til góðgerðarfélags sem viðskiptavinirnir velja. Í dag styrkja viðskiptavinir Líf, styrktarfélag kvennadeildarinnar.



BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR

ALPHA DAILY ER BESTA LAUSNIN

HP Heilsa kynnir Agnes Jensdóttir segir Alpha Daily hafa bætt meltinguna og minnkað bjúg.

Þroskaþjálfinn Agnes Jensdóttir mælir heilshugar með Alpha Daily. „Drykkurinn hefur bætt meltinguna hjá mér mikið. Ég finn ekki lengur fyrir lofti í maga en ég er lengi búin að eiga við það vandamál að stríða. Alpha Daily er besta lausnin sem ég hef fundið við því vandamáli,“ segir Agnes. Hún segir Alpha Daily einnig losa um bjúg. „Ég er orðin sextug og bjúgurinn fylgir oft breytingaskeiðinu. Eftir að ég fór að drekka Alpha Daily finn ég síður fyrir bjúgnum. Drykkurinn er frískandi og hressandi og ég fæ mér glas af honum á hverjum morgni.“

Agnesi var bent á að prófa drykkinn. Hún keypti sér flösku og svo kassa af flöskum þegar sú fyrsta kláraðist. „Ég fann þessi góðu áhrif af drykknum mjög fljótlega eftir að ég byrjaði að drekka hann. Ég finn hvað drykkurinn gerir mér gott og get því hiklaust mælt með Alpha Daily.“

Alpha Daily fæst í Hagkaupum, Víði, Fjarðarkaupum, Kostí, Melabúðinni, Heilsuhúsinu, Lífandi markaði, Garðheimum og Blómavali. Drykkurinn er í glerflöskum sem má skila til HP Heilsu, Smiðjuvegi 38 í Kópavogi, og fá áfyllingu. Ef skilað er inn sex flöskum fæst áfylling á heildsöluverði.



VATNSLOSANDI EIGINLEIKAR

Blandan eplaedik og hunang sem Alpha Daily samanstendur af er þekkt fyrir vatnslosandi eiginleika sína og hefur áhrif á bjúg og bólgur. Hún styrkir ónæmiskerfið og hefur sýrustillandi áhrif. Fjölbreytt og hollt mataræði úr öllum fæðuflokkum og regluleg hreyfing er leiðin til betra lífs hvar sem við erum stödd í tilverunni.

Regluleg neysla eplaedíks er ein leið til að bæta og styrkja líkama okkar svo við megum enn frekar njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða.



TELAUF VIÐ SÓLBRUNA

Einfalt og áhrifaríkt

■ MIKILL MUNUR

Það er varasamt að brenna í sólinni en ef svo illa fer má nota te til að lina þjáningarnar. Aðferðin er bæði einföld og áhrifarík.

